

---

**Fw: Tillaga um svæði til útivistar og íþróttaiðkunar í Urriðakotshrauni í Garðabæ, uppfært minnisblað til rýnis**

---

Trausti Baldursson <trausti@ni.is>  
To: halldora@alta.is

Wed, Feb 15, 2017 at 11:21 AM

Tilvísun í mál: 2016100004

Meðfylgjandi er svar Náttúrufræðistofnunar.

kv.

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)  
212 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: [trausti@ni.is](mailto:trausti@ni.is)



---

**Bréf**

Alta  
Halldóra Hreggviðsdóttir,  
Framkvæmdastjóri  
Ármúla 32  
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 15. febrúar 2017  
2016100004

---

**Efni: Tillaga um svæði til útivistar og íþróttaiðkunar í Urriðakotshrauni í Garðabæ, uppfært minnisblað til rýnis**

Vísað er til minnisblaðs frá Alta, f.h. Ingjalds Ásvaldssonar, Júlíusar Rafnssonar, Steindórs Gunnlaugssonar og Hlökkvers Kjartanssonar, í landnýtingarnefnd Styrktar- og líknarsjóðs Oddfellowa, „Tillaga um svæði til útivistar og íþróttaiðkunar í Urriðakotshrauni í Garðabæ" dagsett 13. febrúar sl. 2. útgáfa.

Landnýtingarnefnd Styrktar- og líknarsjóðs Oddfellowa fékk Náttúrufræðistofnun Íslands til að meta verndargildi á náttúruminum í Urriðavatnsdölum skv. erindi þar um dags. 26. september 2016. Niðurstöður Náttúrufræðistofnunar voru birtar í skýrslunni "Urriðavatnsdalir - Gildi náttúruminja", höfundar Kristján Jónasson og Ásrún Elmarsdóttir, frá desember 2016. Í skýrslunni er m.a. fjallað um hugsanleg áhrif útivistar og stækkunar á gólfvelli á náttúruminjar.

Í framhaldi af skýrslu Náttúrufræðistofnunar var farið í að vinna drög að nýjum tillögum að nýtingu á framangreindu svæði og voru þær kynntar fyrir starfsmönnum Náttúrufræðistofnunar á fundi hjá Alta 9. febrúar 2017 og einnig skoðuðu starfsmenn stofnunarinnar aðstæður á vettvangi 12. febrúar sl. (sbr. minnisblað Alta 13. febrúar 2017). Í framangreindu minnisblaði er óskað eftir rýni Náttúrufræðistofnunar á nýrri tillögu og að stofnunin gefi álit sitt á því hvort líklegt sé að hún hafi áhrif á náttúruminjar með verndargildi á svæðinu og hvort með henni sé einnig tryggð vernd og viðhald náttúruminja í Urriðavatnsdölum. Einnig hvort ásættanlegt geti verið að hafa landnotkun eins og þá sem hér er kynnt, sem hluta af fólkvangi, eða hvort landnotkunin þyrfti að vera utan fólkvangs.

Náttúrufræðistofnun telur að þessar nýju tillögur að landnýtingu hafi mun minni áhrif á náttúruminjar með verndargildi á svæðinu heldur en fyrri hugmyndir. Annars vegar er horfið frá hugmyndum um að nýta úfið hraun fyrir golfbrautir og hins vegar er þéttleiki golfbrauta í Flatahrauni mun minni en áður. Samkvæmt nýju tillögunum verða eingöngu lagðar golfbrautir í flötu og svo til algrónu helluhrauni. Leggja þarf vélfæra gönguleið í gegn um úfinn hraunjaðarinn á 1-2 stöðum, en ef vandað er til verka ætti það að vera mögulegt án þess að valda teljandi raski á hrauninu.

Skógrækt hefur verið stunduð á stórum hluta þess svæðis sem lagt er til að verði nýtt undir golfbrautir. Þá hefur hluta þess svæðis verið raskað með lagningu háspennulína. Nú mynda stórvaxin furu- og grenitré þéttar þyrpingar og eru farin að sá sér í miklum mæli. Þá hefur lúpína fundist í hrauninu auk þess sem mikil lúpínusvæði eru allt í kring. Náttúrufræðistofnun telur það ekki samrýmast hugmyndum um vernd og viðhald náttúruminja í Urriðavatnsdölum að leyfa ágengum framandi tegundum að breiðast út um hraunið. Æskilegt er að komið verði í veg fyrir frekari útbreiðslu þessara tegunda, sem og að grisja og draga úr umfangi þess sem þegar er til staðar. Það á ekki síst við um staði þar sem hávaxin tré hylja áhugaverðar hraunmyndanir. Í þessu samhengi telur Náttúrufræðistofnun að það yrði kostur ef starfsmenn golfvallarins vöktuðu og takmörkuðu útbreiðslu ágengra framandi tegunda í þeim tilgangi að tryggja vernd hraunsins.

Markmið með stofnun fólkvangs er að auðvelda almenningi aðgang að náttúru og tengdum menningarminjum í nánd við þéttbýli til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu. Í þessu felst að saman fari útivistarmöguleikar og vernd þeirra náttúru- eða menningarminja sem þykja markverðar. Náttúrufræðistofnun metur það svo að vel sé hægt að hafa golfvöll innan fólkvangs ef aðstæður leifa og ef þess er gætt að uppbygging hans raski ekki þeim náttúru- eða menningarminjum sem er verið að vernda og gera svæði æskileg til náttúruskoðunar. Í sumum tilfellum, t.d. þar sem verið er að vernda sérstætt landslag, getur verið að golfvöllur eigi alls ekki heima á viðkomandi svæði en í Urriðavatnsdölum er golfvöllur þegar til staðar. Í þessu tilfelli er það vafalaust hraunið sem er það markverðasta hvað varðar upprunalegt náttúrufar.

Virðingarfyllt  
Trausti Baldursson

---

Kristján Jónasson